

## Myndræna boðskiptakerfið PECS Framhaldsnámskeið

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa þekkingu á fyrstu þremur stigunum í PECS. Aðaláherslan á þessu námskeiði verður á eftirfarandi þætti í PECS þjálfun:

- Kynntar verða aðferðir við innlögn á seinni stigum PECS þ.e. stig 4, 5 og 6.
- Farið verður yfir ýmsar hugmyndir og leiðir til þess að fjölga tækifærum til boðskipta og auka líkur á góðri alhæfingu á færni til að nota PECS í öllum daglegum aðstæðum.
- Rætt verður um skráningar á framvindu PECS þjálfunar og hvernig megi taka saman upplýsingar fyrir þjálfunarfundi.
- Þátttakendur æfa sig í hlutverki „barns“ og „viðmælanda“.
- Umræður og reynslusögur þátttakenda frá því að við hittumst á grunnnámskeiðinu.

Sýnd verða dæmi um PECS þjálfun á myndböndum og hugmyndir af ýmiskonar þjálfunargögnum verða kynntar fyrir þátttakendum.

**Námskeiðið verður haldið fimmtudaginn 28. febrúar klukkan 9:00–12:30 í Hamraborg 11 (3. hæð), Kópavogi. Á jarðhæð eru t.d. veitingastaðirnir Subway og Catalina.**

Umsjón með námskeiðinu hafa Guðný Stefánsdóttir og Sigrún Kristjánsdóttir.

Þáttökugjald er 9.000 (foreldri greiðir helming þáttökugjalds).

Þátttakendur eru beðnir um að skrá sig með því að senda nýjan tölvupóst á [gudnyst@gmail.com](mailto:gudnyst@gmail.com) (þ.e. helst ekki svara þessum beint, heldur senda nýtt skeyti)

Nánari upplýsingar veita Guðný og Sigrún í ofangreindum tölvupósti.

